

## 6. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður, hvenær lög þessi koma til framkvæmda gagnvart hverju einstöku ríki, sem talið er í 1. gr. laga nr. 7/1962.

*Gjört í Reykjavík 20. maí 1975.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Á eftir 2. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, sem verða 3. og 4. gr., en tölu-röð síðari greina breytist samkvæmt því:

- a) Seðlabanki Íslands hefur á hendi bókhald og rekstur Verðjöfnunarsjóðs, og skal ávaxta fé hans í samráði við stjórn sjóðsins, annað hvort í erlendum eða íslenskum gjaldeyri. Í því skyni að tryggja það, að eign sjóðsins í vörslum Seðlabankans haldi verðgildi sínu, án tillits til breytinga á skráðu gengi íslenskrar krónu, er bankanum heimilt að lána bönkum, sparisjóðum, opinberum fjárfestingarsjóðum og ríkissjóði, eða með ríkisábyrgð, fé með þeim lánskjörum, að endurgreiðsla höfuðstóls og vaxta sé háð breytingum á gengi erlends gjaldeyris gagnvart íslenskri krónu. Seðlabankinn ákveður hæð vaxta af lánum þessum svo og önnur lánskjör.
- b) Ef samanlagt verðmæti hreinnar gjaldeyriseignar Seðlabankans og skuldabréfa hans með gengistryggingu, sbr. 1. gr., nægir ekki eftir 1. janúar 1975 til að tryggja verðgildi innstæðu Verðjöfnunarsjóðs hjá Seðlabankanum skal það, er á vantar, fært til skuldar ríkissjóði á sérstakan reikning hjá bankanum. Um endurgreiðslu þeirrar skuldar og önnur lánskjör skal gert sérstakt samkomulag milli fjármálaráðherra og Seðlabankans.

## 2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 18 4. apríl 1972, um breyting á lögum nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 23. maí 1975.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Matthias Bjarnason.*